

7. og 8. varaforseti Alþingis
Steinunn Þóra Árnadóttir alþingismaður
Haraldur Benediktsson alþingismaður
Alþingi
Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2019

Efni: Bréf forsætisnefndar dags. 1. júlí 2019.

Við er til bréfs forsætisnefndar dags. 1. júlí sl. Með bréfinu fylgdi svar nefndarinnar til þingmannanna Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar frá 28. júní sl. þar sem farið var fram á að forsætisnefnd og siðanefnd eyði hljóðupptökum af samtali á Klaustur bar og endurríti sem skrifstofa Alþingis lét gera af hljóðupptökunum.

Í svarinu kemur fram að fallist hafi verið á erindið og staðfest að eytt hafi verið afriti hljóðupptökunnar sem var í vörslum skrifstofu Alþingis sem og endurritunum.

Í tvígang er í þessu bréfi fjallað um að málið hjá siðanefnd snúist um fjölmiðlaumfjöllun um málið. Fyrst segir: *Eins og ykkur er kunnugt um, sbr. bréf forsætisnefndar til ykkar, dags. 15. apríl sl., byggir lýsing á málavöxtum málsins á umfjöllun í fjölmiðlum, þ.e. vefútgáfu vikublaðsins Stundarinnar, vefútgáfu vikublaðsins DV og vefritinu Kvennablaðið, nema annars sé getið. Síðar í sama bréfi: Eins og áður hefur komið fram mun forsætisnefnd byggja málavexti máls ykkar, sbr. erindi átta þingmanna, dags. 3. desember 2018, á fjölmiðlaumfjöllun. Af þessu má ráða að forsætisnefnd telji að niðurstaða Persónuverndar skipti engu máli.*

Ekki verður komist hjá því að gera alvarlega athugasemd við málalíbúnað forsætisnefndar. Fyrir liggur, eins og einnig er tilgreint í bréfi nefndarinnar, að Persónuvernd hefur með úrskurði frá 22. maí 2019 í máli nr. 2018/1741 komist að því hljóðupptakan á samræðum á veitingastaðnum Klaustri 20. nóvember 2018 hafi farið í bága við lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679. Lagt var fyrir þann einstakling sem framkvæmdi hina ólögmetu upptöku að eyða henni.

Fram hefur komið að tilvitnuð fjölmiðlaumræða, sem forsætisnefnd segir að málið hjá siðanefnd eigi að byggjast á, byggðist á afritum af þessari sömu hljóðupptöku. Umfjöllun sem byggir á ólöglega fengnum upplýsingum teljum við vera jafn ólögmetu og upptakan sjálf. Á þetta er bent í áður nefndu bréfi þingmannanna fjögurra frá 28. júní sl. þar sem segir *ad starfsstéttir sem höndla með ágreiningsmál og rannsóknir mála líta jafnan svo á að notkun gagna sem aflað er með óheiðarlegum aðferðum standist ekki.* Benda fjórmenningarnir á siðareglur lögmanna og lögreglumanna. Í 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands segir: *Bládamadur vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.*

Við fullyrðum að frá upphafi var ljóst að hljóðupptakan var ólögmet. Það máttu blaðamennirnir sem stóðu að tilvísadri fjölmiðlaumfjöllun vel gera sér grein fyrir. Þeir máttu vel vita að mjög strangar reglur gilda um hljóðupptökur af samtölum án vitneskju þeirra sem verið er að taka upp. Það er fráleitt ef forsætisnefnd telur að fjölmiðlaumfjöllun sem byggði á ólögmetum gögnum fái sjálfstætt og lögmætt líf eins og skilja má af áður tilvitnuðu bréfi.

Þessari athugasemd er hér með komið á framfæri og þess krafist að henni verði komið áfram til siðanefndar Alþingis.


Karl Gauti Hjaltason
8. þm. Suðurkjördæmis


Ólafur Ísleifsson
10. þm. Reykjavíkurborgardæmis norður